Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 12


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brunamálanefndarskjöl
Kringlumýri
Aldamotagardur
Raflýsing
Kosningarskjöl
Vegalagningargjald lóðareigenda.
Námunefndarskjöl
Tjarnarbrekkumál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjaví

Meðtekið 19. október

Við undirskrifaðir kjósendur hjer í bænum leyfum oss hjer með að mæla með því, að herra adjunkt Pálmi Pálsson verði kosinn í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins við aukakosningu þá, sem á að fara fram 24. þ. m.

Reykjavík 19. október 1905.

Pjetur Hjaltested
Hjörtur Hjartarson
Kristján Þorgrímsson
Guðmundur Guðmundsson.
Sigvaldi Bjarnason
Ólafur Ólafsson.
Árni Jónsson

Til
Kjörstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A-listi

Meðtekið [illegible] 9³/4 - 28/8

Vér undirritaðir mælum hér með
með þessum mönnum til kosningar
í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-
kaupstaðar, er fram á að fara miðviku-
daginn 30. águstmánaðar þ. á.:

1. Þorsteini Þorsteinssyni skipstjóra, Bræðraborgarstíg nr. 25.
2. Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni, Suðurgötu nr. 12.
3. Pálma Pálssyni adjunkt, Latínuskólanum
4. Sveini Jónssyni smiðkaup, Þingholtsstræti 28

Reykjavík, 27. águst 1905

Jón Ólafsson
bóksali, alþm.
Laufásvegi 5

Þorleifur H. Bjarnason
adjunkt
Hafnarstræti 17.

H. Davíðsson
bankabókari
Tjarnargötu nr. 3.

Þorvarður Þorvarðsson
prentsmiðjustjóri
Þingholtsstræti 11.

Jón Þórhallsson
skólavörður, á Skólavelli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B-listi

Mott. 28/8 Kl 11

Vjer undirritaðir mælum með að eptirfylgjandi menn verði kosnir í niðurjöfnunarnefnd Rvíkur 30. þ. mán.:

1. Yfirdómari Jón Jensson
2. Skólastjóri Morten Hansen
3. Póstmeistari Sigurður Briem
4. Verzlunarstjóri Helgi Zoëga

Reykjavík 28. ág. 1905

L. E. Sveinbjörnsson
just.
Túngötu 4.

Magnús Einarsson
dýralæknir,
Laugaveg 10.

Vilhelm Bernhöft
tannlæknir
Pósthússtræti 14B.

Jón Hermannsson,
skrifstofustjóri,
Grjótagötu 7.

Árni Thorsteinsson
Vesturgötu 41.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

C-listi

Mótt. 28/8 Kl. 11 1/4

Samkvæmt 2. gr. laga 10 Nóvember 1903 um leynilegar kosningar, og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, leyfum vjer undirritaðir oss að mæla með, að þessir verði nú kosnir í niðurjöfnunarnefnd:

1. Ólafur Ólafsson prentari
2. Helgi Zoëga kaupmaður.
3. Pálmi Pálsson adjunkt
4. Ásgeir Sigurðsson kaupmaður.

Reykjavík 28. ágúst 1905.

Kristján Þorgrímsson kaupmaður í Kirkjustræti 10.

Björn Jónsson ritstjóri, Austurstr. 8

Ó. Rosenkranz kennari Austurstræti 22.

Kristinn Magnússon skipstjóri aðalstræti 18.
Carl Bjarnasen kaupmaður í Aðalstræti 6
Ní Bjarnason verzlunarstjóri — — 2 —
Gunnar Þorbjörnsson, kaupm. Hafnarstræti, 6
Jón Reykdal málari Miðstræti 6
Magnús Benjamínsson úrsmiður Veltusund 3
M. Árnason trjesmiður Aðalstræti 18

Gunnar Einarsson, Kaupmaður, Kirkjustræti 4.
G. Olsen kaupm. Aðalstræti 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Lóðareigendur | | Al. með götunni á 75a | Gjaldið Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| | Fl. | | 543 | 75 |
| Sveinn Jónsson snikkari | | 25 | 18 | 75 |
| Magnús Run. Jónsson | | 25 | 18 | 75 |
| Árni Sæmundsson | X | 25 | 18 | 75 |
| II. Við Hverfisgötu | | | | |
| X Jón Sigurðsson | | 25 | 18 | 75 |
| Jón Jörundsson | | 25 | 18 | 75 |
| Kristinn Guðmundsson | | 25 | 18 | 75 |
| Þorlákur Halldórsson | | 25 | 18 | 75 |
| Kristmundur Eysteinsson | | 35 | 26 | 25 |
| Bjarni Jónsson | | 29½ | 22 | 13 |
| Jón Jónsson | | 20½ | 15 | 37 |
| Guðmundur Friðriksson | | 25 | 18 | 75 |
| Gísli Kristjánsson | | 28 | 21 | " |
| Stefán Jónsson | | 25 | 18 | 75 |
| Guðmundur Sveinsson | | 28 | 21 | " |
| Símon Jónsson og Magnús Magnússon | | 25 | 18 | 75 |
| Sveinn Jón Einarsson | | 25 | 18 | 75 |
| XX Þorsteinn Guðmundsson frá Rollagörð | | 25 | 18 | 75 |
| × Þorsteinn Guðmundsson Borg | | 25 | 18 | 75 |
| × Hjörleifur Þórðarson | | 34½ | 25 | 88 |
| Ásgeir Sigurðsson (Grænaborg) | | 33½ | 25 | 13 |
| × Guðmundur Guðnason | | 28½ | 21 | 38 |
| | Samtals | | 965 | 64 |

+ Guðni Oddsson

# Skrá

## yfir gjald frá lóðareigendum uppí kostnað við lagningu Grettisgötu og Hverfisgötu

| Lóðareigendur | Al. með götunni á 75 a. | Gjald Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| I. við Grettisgötu | | | |
| Einar Guðmundsson | 25 | 18 | 75 |
| Gísli Johannesson | 25 | 18 | 75 |
| Guðmundur Brynjólfsson | 25 | 18 | 75 |
| Jóhannes Lárusson | 25 | 18 | 75 |
| Ögmundur Guðmundsson | 25 | 18 | 75 |
| Gunnar Gunnarsson snikkari I | 25 | 18 | 75 |
| Guðbjörg Marteinsdóttir | 25 | 18 | 75 |
| Johannes Jónsson | 25 | 18 | 75 |
| Guðmundur Guðmundsson frá Ási | 25 | 18 | 75 |
| Bjarni Þorláksson | 25 | 18 | 75 |
| Skúli Jónsson | 25 | 18 | 75 |
| Magnús G. Guðnason | 25 | 18 | 75 |
| Einar Einarsson | 25 | 18 | 75 |
| Steingrímur Jónsson | 25 | 18 | 75 |
| Pálmi Sigurðsson | 25 | 18 | 75 |
| Guðrún Hróbjartsdóttir | 25 | 18 | 75 |
| Eiríkur Guðmundsson | 25 | 18 | 75 |
| Sigurjón Guðmundsson | 25 | 18 | 75 |
| Kristinn Ásgrímsson | 25 | 18 | 75 |
| Gunnar Gunnarsson snikkari II. | 25 | 18 | 75 |
| Árni Pálsson | 25 | 18 | 75 |
| Sveinn Gestsson | 25 | 18 | 75 |
| Guðmundur Magnússon | 25 | 18 | 75 |
| Guðmundur Halldórsson | 25 | 18 | 75 |
| Guðjón Jónsson | 25 | 18 | 75 |
| Guðjón Sigurðsson | 25 | 18 | 75 |
| Eiríkur Eiríksson | 25 | 18 | 75 |
| Eiríkur Þorkelsson | 25 | 18 | 75 |
| Sigurður Jónsson X | 25 | 18 | 75 |
| Flyt | | 543 | 75 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá
## yfir vegalagningargjald
## 1903

| | | Lóð með götu ál. | Gjald 75 a. pr al. Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| **I. Grettisgata** | | | | |
| 1. Jón Johannesson | v | 25 | 18 | 75 |
| + 2. Samuel Jónsson | v | 32 | 24 | „ |
| X 3. Guðmundur Guðmundsson | v | 26 | 19 | 50 |
| X 4. Guðmundur Jakobsson | v | 32 | 24 | „ |
| **II. Hverfisgata** | | | | |
| 1. Pétur Þórðarson | v | 45 | 33 | 75 |
| 2. Magnús R. Jónsson | v | 47½ | 35 | 63 |
| X 3. Páll Jónsson | v | 57½ | 43 | 13 |
| 4. Þórður Guðmundsson | v | 27½ | 20 | 63 |
| **III. Frakkastígur** | | | | |
| 1 Gísli Johannesson | v | 24 | 18 | „ |
| 2. Jóhannes Jónsson | v | 12¼ | 9 | 19 |
| 3. Magnús Jónsson | v | 12¼ | 9 | 19 |
| 4. Ingvar Þorsteinsson | v | 22 | 16 | 50 |
| 5 Einar Jónsson | v | 22 | 16 | 50 |
| 6. Björn Hallgrímsson | v | 28 | 21 | „ |
| 7. Marteinn Þorsteinsson | v | 28 | 21 | „ |
| 8. Grímur Þórðarson | v | 51 | 38 | 25 |
| 9. Guðlaugur Þorbergsson | | 39½ | 29 | 63 |
| 10. Guðmundur Einarsson | v | 34 | 25 | 50 |
| 11. Þorhalli Þorhallason | | 59 | 44 | 25 |
| 12. Sigurjón Grímsson | | 29¼ | 21 | 94 |
| 13. Jón Helgason | | 29¼ | 21 | 94 |
| 14. Bú Þorleifs Einarssonar | v | 48½ | 36 | 38 |
| 15. Guðjón Jónsson | | 39½ | 29 | 63 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sem lóðareiganda við *Hverfisgötu* ber yður samkvæmt 21. gr. í endurskoðaðri samþykkt um bæjarmálefni 28. júlí 1902 og ákvörðun bæjarstjórnarinnar að greiða í bæjarsjóð upp í kostnað við lagningu nefndrar götu 75 aura fyrir hverja alin í lóð yðar, sem liggur að götunni alls *57½* al.; verður því gjaldið samtals *43* kr. *13* a., og greiðist bæjargjaldkera fyrir 1. ~~april~~ *okt.* þ. á.

Bæjarfógetinn í Reykjavík *5. ágúst* 19*03*.

*Halldór Daníelsson*

*Til*

*herra Páls Jónssonar.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Grettisgata lögð frá Frakkastíg og austur er á lengd 163 faðmar.—

Hverfisgata 63½ faðm. á lengd milli Vatnsstígs og Klapparstígs

Frakkastígur lagður alls 118½ faðmar frá Njálsgötu niður fyrir Hverfisgötu lítið eitt. ~~(ca. 1½ faðmar niður fyrir Hverfisgötu)~~ (1 lóð niður fyrir Hverfisgötu).—

7/6 1903

Sigth.—

Grettisgata

| | | |
|---|---|---|
| 25 | Jón Jóhannsson | sunnan |
| 32 | Samúel Jónsson | sunnan |
| 26 | Guðm. Guðmundsson | norðan |
| 32 | Guðm. Jakobsson | norðan |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

austan við Trakkastig lóðar breidd

Gísli Jóhannesson 24 al. með stíg (horn lóð) Grettisgötu

Jóhannes Jónsson }
Magnús Jónsson } skipst. 24½ al. — —

Ingvar Þorsteinsson }
Einar Jónsson } 44 — — — (Hornlóð við Laugaveg

Björn Hallgrímsson
(Skipstjóri)
Markús Þorsteinsson } 56 al. með stíg (Hornlóð við Laugaveg

Grímur Þórðarson 51 — — (Hornlóð við Hverfisgötu

Guðlaugur Þorbergsson 395 al. með stíg — — — Hverfisgöt
söðlasmiður

Vestan við Trakkastig

Guðmundur Einarsson 34 al. með stíg (Hornlóð við Grettisgötu

Þorkell Þorkellsson 59 al. — — (hornlóð — Laugaveg

Sigurjón Grímsson }
Jón Helgason } 58½ al — — (hornlóð neðan Laugaveg

áður eign Þ. sál Borgara 48½ al með stíg (hornlóð við Hverfisgötu

Guðjón Jónsson. 39½ — — (
skósmiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samkvæmt skjali bæjarfógetans dagsettu
þá greiðast hérumbil 43 kr. [illegible] [illegible] kostnað við
lagningu Hverfisgötu með fram lóð minni
(Klapparstíg No 10); en jafnframt óskast að mér
sé greitt sú fjárupphæð er mér ber fyrir
það erfðafestuland mitt er var tekið undir
áminstan veg.

Brekku (Bakkastígnum) 12 sept 1903
Páll Jónsson

593
4
237,20
43.13
194.07

21 - 113
10½
56½

565
28
593

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eftirrit
## úr dómabók hins kgl. ísl. landsyfirdóms

Ár 1905, mánudaginn hinn 13. febrúarmánaðar, var í landsyfirdóminum
í málinu nr. 25/1904

Árni Sæmundsson
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur

kveðinn upp svofeldur
dómur:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn með stefnu, dags. 22. september f. á., skotið til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí f. á. – en með honum er áfrýjandinn dæmdur til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur tillag til vegalagningar 18 kr. 75 aura og 25 kr. í málskostnað – og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess, að verða algerlega sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir réttarins mati.

Máli þessu er svo varið, að á fundi sínum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. febrúar 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt heimild í 20. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. desbr. 1888, að þeir, sem lóð eiga að nýjum götum, skyldu taka þátt í kostnaðinum við lagningu veganna og í framhaldi af þessari ályktun var á bæjarstjórnarfundi 16. október 1902 hlutdeild lóðareigendanna í kostnaði við lagning á Grettisgötu ákveðinn 75 aurar á hverja alin í lengd lóðar meðfram götunni, en í nefndri grein samþyktarinnar er ákveðið, að ef leggja skuli veg frá upphafi, þar sem eigi hefir áður verið, þá ráði bæjarstjórn hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum sem lóð eiga þar að, og hvernig þeir skuli greiða þann kostnað, sem á þá leggst, hvort heldur með peningum eða vinnu.

Þann 11. júní 1902 var áfrýjandanum útmæld lóð við Grettisgötu, 25 álnir á lengd meðfram götunni. Við útmælinguna var það áskilið, að áfrýjandinn taki þátt í kostnaðinum við lagningu götunnar. Samkvæmt þessu hefir bæjarstjórnin krafið áfrýjanda um 18 kr. 75 aura. Þetta gjald hefir áfrýjandi neitað að greiða, og byggir hann sýknunarkröfur sína aðallega á því, að framangreint ákvæði samþyktarinnar fari út yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þau takmörk, sem sett eru fyrir innihaldi slíkra samþykkta í 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, og geti því ekkert gildi haft. Nú er það nægilega sannað með framlögðu eftirriti úr gjörðabók bygginganefndarinnar og vitnisburði þriggja manna úr nefndinni, að lóðin var útmæld og afhend áfrýjanda með því skilyrði að hann tæki tiltölulegan þátt í kostnaði við lagningu á Grettisgötu, og þar sem áfrýjandi engu að síður tók við lóðinni, verður að álíta að hann hafi skuldbundið sig til að taka þátt í umræddum kostnaði og þessi skuldbinding verður að hafa fult samningsgildi, hvað sem líður ákvörðuninni í 20. gr. bæjarsamþyktarinnar og hefir það því engin áhrif á úrslit þessa máls, hvort grein þessi er álitin að hafa lagagildi eða ekki.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að bæjarstjórn og bygginganefnd hafi brostið heimild til að binda afhendingu lóðarinnar nokkru skilyrði um tillag til götulagningar, þar sem þeim samkvæmt 5. gr. í tilskipun um frelsi kaupstaðanna 17. nóv. 1786, hafi verið skylt að láta lóðina af hendi ókeypis án þess að áskilja nakkurt gjald fyrir, en skilyrði fyrir útmælingunni að taka þátt í kostnaði við vegarlagningu sé nakkurskonar sala á lóðinni. En bæði er það, að hér er um enga lóðarsölu að ræða og það getur ekki álit-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ist, að tilskipun 17. nóvember 1786 sé því til fyrirstöðu, að bæjarstjórnin setji viss skilyrði fyrir útmælingu á lóðum á vissum stöðum í landi bæjarins, in casu það skilyrði, að lóðareigendur taki þátt í kostnaði við götulagninguna að lóðunum eða meðfram þeim, eins og hér hefir gert verið.

Kröfur áfrýjandans verða því ekki teknar til greina, og þar sem ekki er ágreiningur um kröfuupphæðina ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum að greiða hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Árni Sæmundsson greiði hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað fyrir yfirdómi með 15 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson

Rétt eftirrit staðfestir.

Reykjavík 4. marz 1906

Jón Jensson

Gjald 50 –
fimmtíu-aurar
J. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905. föstudaginn 5. maímánadar höfum vid undirskrifadir eidsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritadan landsyfirrjettardóm, fyrir Þorbjörgu Gunnarsdóttir persónulega á lögheimili dómsfellda, Árna Sæmundssonar vid Grettirsgötu № 57. hjer í bænum sem vid ekki gátum hitt heima. Þess skal getid ad ádurnefnd Þorbjörg Gunnarsdóttir er til heimilis í þessu húsi.

Þetta ad vottum vid samkvæmt stefnuvottaeidi okkar og stadfestum med nöfnum okkar og innsiglum

Gjaldid —50.
fimmtíu aura
JB

J. Björnsson

Páll Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eftirrit

úr dómabók hins kgl. ísl. landsyfirdóms

Ár 1905, mánudaginn hinn 13. febrúarmán.
var í landsyfirdóminum
í málinu nr. 24/1904

Sigurður Jónsson
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur

kveðinn upp svofeldur

dómur:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn með stefnu dags. 22. september f. á. skotið til yfirdómsins dómi, gengnum í bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí f. á. — en með honum er áfrýjandinn dæmdur til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur tillag til vegalagningar 18 kr. 75 aura og 25 kr. í málskostnað — og hefir hann fyrir yfirdóminum krafist þess, að verða algerlega sýknaður í máli þessu, og honum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir réttarins mati.

Máli þessu er svo varið, að á fundi sínum 20. febrúar 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt heimild í 20. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. desbr. 1888, að þeir, sem lóð eiga að nýjum götum, skyldu taka þátt í kostnaðinum við lagningu veganna, og í framhaldi af þessari ályktun var á bæjarstjórnarfundi 16. oktbr. 1902 hlutdeild lóðareigendanna í kostnaði við lagningu á Grettisgötu, ákveðin 75 au. á hverja alin í lengd lóðar meðfram götunni, en í nefndri grein samþyktarinnar er ákveðið, að ef leggja skuli veg frá upphafi, þar sem eigi hefir áður verið, þá ráði bæjarstjórn hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að, og hvernig þeir skuli greiða þann kostnað, sem á þá leggst, hvort heldur með peningum eða vinnu.

Þann 1. marz 1902 var áfrýjandanum útmæld lóð við Grettisgötu 25 álnir á lengd meðfram götunni. Við útmælinguna var það áskilið, að áfrýjandinn tæki þátt í kostnaðinum við lagningu götunnar. Samkvæmt þessu hefir bæjarstjórnin krafið áfrýjanda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um 18 kr. 75 aura. Þetta gjald hefir áfrýjandi neitað að greiða, og byggir hann sýknunarkröfu sína aðallega á því að framangreint ákvæði samþyktarinnar fari út yfir þau takmörk, sem sett eru fyrir innihaldi slíkra samþykta í 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík og geti því ekkert gildi haft. Nú er það nægilega sannað með framlögðu eftirriti úr gjörðabók byggingarnefndarinnar og vitnisburði þriggja manna úr nefndinni að lóðin var útmæld og afhend áfrýjandanum með því skilyrði, að hann tæki tiltölulegan þátt í kostnaðinum við lagningu á Grettisgötu, og þar sem áfrýjandi engu að síður tók við lóðinni, verður að álíta að hann hafi skuldbundið sig til að taka þátt í umræddum kostnaði og þessi skuldbinding verður að hafa fullt samningsgildi hvað sem líður ákvörðuninni í 20. gr. bæjarsamþyktarinnar, og hefir það því engin áhrif á úrslit þessa máls, hvort grein þessi er álitin hafa lagagildi eða ekki.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafi brostið heimild til að binda afhending lóðarinnar nakkru skilyrði um tillag til götulagningar, þar sem þeim, samkvæmt 5. gr. í tilskipun um frihéit kaupstaðanna 17. nóvbr. 1786 hafi verið skylt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að láta lóðina af hendi ókeypis án þess að áskilja nakkurt gjald fyrir, en skilyrði fyrir útmælingunni að taka þátt í kostnaði við vegarlagninguna, sé nakkurskonar sala á lóðinni. En bæði er það, að hér er um enga lóðarsölu að ræða og það getur ekki álitist að tilskipun 17. nóvember 1786 sé því til fyrirstöðu, að bæjarstjórnin setji viss skilyrði fyrir útmælingu á lóðum á vissum stöðum í landi bæjarins, en essu það skilyrði, að lóðareigendur taki þátt í kostnaði við götulagninguna að lóðunum eða meðfram þeim, eins og hér hefir gert verið.

Kröfur áfrýjandans verða því ekki teknar til greina, og þar sem ekki er ágreiningur um kröfuupphæðina, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum að greiða hinni stefndu, bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 15 krónur

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Sigurður Jónsson, greiði hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur málskostn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fyrir yfirdómi með 15 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson

Rétt eftirrit staðfestir

Reykjavík 4. marzmán. 1905

Gjald 50 = fimmtíu aurar. Jón Jensson

J. J.

Ár 1905, föstudaginn 5. maímánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan landsyfirréttardóm persónulega á lögheimili Sigurðar Jónssonar № 54. ~~hjer í bænum~~ við Grettisgötu hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar, og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum

Gjaldið = 50. fimmtíu aurar

B.

J. Björnsson Páll Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eftirrit
## úr dómabók hins kgl. ísl. landsyfirdóms

Ár 1905, mánudaginn hinn 13. febrúarmán. var í landsyfirdóminum

í málinu nr. 23/1904:

Þorlákur Halldórsson
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur

kveðinn upp svofeldur

**dómur:**

Í máli þessu hefir áfrýjandinn með stefnu, dags. 22. sept. f. á., skotið til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí f. á. – en með honum er áfrýjandinn dæmdur til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur tillag til vegalagningar 18 kr. 75 aura og 30 kr. í málskostnað – og hefir hann krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Máli þessu er svo varið, að á fundi sínum 20. febrúar 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvæmt heimild í 20. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. desbr. 1888, að allir þeir, sem lóð eiga að nýjum götum, skyldu taka þátt í kostnaði við lagningu veganna, eins þeir, sem þegar hefðu fengið lóðir útvísaðar við fyrirhugaða vegi eða vegalagningar, og í framhaldi af þessari ályktun var á bæjarstjórnarfundi 16. okt. 1902 hluttdeild lóðareigendanna við Hverfisgötu í kostnaði við lagningu götunnar ákveðinn 75 aurar á hverja alin í lengd lóðarinnar meðfram götunni, en í nefndri grein samþyktarinnar er ákveðið, að ef leggja skuli veg frá upphafi þar sem eigi hefir áður verið, þá ráði bæjarstjórn hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að, og hvernig þeir skuli greiða þann kostnað, sem á þá leggst, hvort heldur með peningum eða með vinnu.

Hinn 9. febrúar 1901 var áfrýjandanum útvísuð lóð og hússtæði við Hverfisgötu 25 álnir á lengd meðfram götunni, og samkvæmt áður greindri ákvörðun bæjarstjórnarinnar hefir áfrýjandi verið krafinn um 18 kr. 75 aura gjald til vegarins. Þetta gjald hefir áfrýjandinn neitað að greiða, og byggir hann sýknunarkröfur sína aðallega á því að framangreint ákvæði samþyktarinnar fari út yfir þau takmörk, er sett eru fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innihaldi slíkra samþykkta í 31. gr. tilskip-unar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykja-vík og geti því ekkert gildi haft. — Það er nú in confesso milli málsaðila, að þegar áfrýjandanum var útvísuð lóð hans við Hverfisgötu þá hafi honum við útmælingar-gjörðina engin skilyrði verið sett um það, að taka þátt í kostnaði við lagningu á hinni fyrirhuguðu götu fram með lóð hans, og sömuleiðis er það upplýst í málinu, að þessu ákvæði um hluttdeild lóðareiganda í kostnaði við lagningu vega hafi ekki verið beitt fyr en eftir fundarályktun bæjarstjórnarinnar 20. febr. 1902.

Umrætt ákvæði í 20. gr. bæjarsamþykt-arinnar um skyldu lóðareiganda að taka þátt í kostnaði við vegalagningu meðfram lóðum þeirra er upphaflega sett í bæjarsamþyktina 9. okt. 1872, 20. gr., og þaðan tekið upp í hinar síðari samþyktir 4. desbr. 1888 og 1. ág. 1902, og veltur mál þetta á því, hvort nægileg lagaheimild hafi verið til að setja þetta ákvæði í samþyktina.

En þetta verður eigi álitið. Í tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 er hvorki í 31. gr. né annarsstaðar heimilað að leggja á bæjarbúa sérstakt gjald til vegalagningar, og í lögum um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað 19. okt 1877, þar sem talin eru upp til hlítar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöld þau, er taka má til bæjarþarfa hjá bæjarbúum, er svo langt frá því, að gert sé ráð fyrir sérstökum skatti til vegagjörðar, að slíkur skattur komi einmitt beint í bága við ákvæði þeirra laga um nokkur þeirra álögustofna, er þar eru nefndir og ~~sem~~ eiga að bera allar þarfir kaupstaðarins, að svo miklu leyti sérstakar tekjur hans (eignar-tekjur, gjafir, sektir, o. fl.) eigi hrökkva til.

Oftnefnt ákvæði bæjarmálasamþyktarinnar verður því að álítast hafa farið út fyrir þau takmörk, er tilskipunin 20. apríl 1872 tiltekur, og þar sem það hefir ekki verið áskilið við útmælinguna lóðarinnar, að áfrýjandinn skuli taka þátt í kostnaði við lagningu á Hverfisgötu, og það ekki er sannað, að hann á annan hátt hafi skuldbundið sig í þessa átt, þá ber að sýkna hann af kröfum bæjarstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins, ber stefnda að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Þorlákur Halldórsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum hinnar stefndu Bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hin stefnda bæjarstjórn greiði honum 30 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson

Rétt eftirrit staðfestir
Reykjavik 7. marz 1905
Jón Jensson

Gjald 75 -
sjötíu og fimm - aurar.
J. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
úr
dómsmálabók Reykjavíkurkaupstaðar
löggiltri 29 febr. 1904. –

Á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí 1904 var af sýslumanni Páli Einarssyni sem setudómara tekið fyrir

Málið: 6/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Sigurði Jónssyni

og var í málinu kveðinn upp svohljóðandi

Dómur:

Í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1882 20. gr. er svohljóðandi ákvæði: "Ef leggja skal götur eða vegi frá upphafi, þar sem eigi áður hefur verið, ræður bæjarstjórnin því, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að" og er ákvæði þetta tekið óbreytt upp í hina núgildandi samþykkt um stjórn málefna kaupstaðarins frá 1. ág. 1902. – Á fundi 20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, að þessi samþykktar ákvæði skyldi beitt eptirleiðis, þannig að ef nýjar götur ætti að gjöra, þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldi jafna tiltölulegum hluta af vegarlagningarkostnaðinum niður á þá, er lóðir ættu meðfram götunni, eptir fyrirfram gjörðri áætlun, yfir allan vegagjörðarkostnaðinn. Í framhaldi af þessari ályktun var ennfremur á bæjarstjórnar fundi 16. okt. 1902 ákveðið, að af kostnaðinum við lagningu Stettisgötu skyldu lóðareigendur greiða 75 aura fyrir hverja á alin í veginum meðfram lóð sinni.–

Þann 1. maj 1902 fjekk stefndi Sigurður Jónsson húsmaður í Reykjavík sjer útmælda lóð norðanvert við fyrirhugaða Stettisgötu, 25 álnir á lengd meðfram götustæðinu. Samkvæmt framangreindum fundarákvörðunum krafði bæjarstjórnin hann um gjald til lagningar götunni, 75 aura fyrir alin lóðarinnar eða alls um 18 kr. 75 a. en hann hefur neitað að borga. Er mál þetta risið út af því og hefur stefnandinn bæjarstjórn Reykjavíkur, krafist þess, að hann verði með dómi skyldaður til að greiða upphæð þessa og málskostnað eptir mati rjettarins.–

Hinn stefndi hefur aptur á móti krafist að verða sýknaður og að sjer verði tildæmdur málskostnaður.–

Sýknukröfu sína byggir stefndi að-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alleg á því, að samkvæmt 31 gr. í tilskip-
un 20 apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík,
hafi bæjarstjórnina brostið vald til þess
að setja framangreint ákvæði í samþykkt
um stjórn málefna kaupstaðarins og geti
því ákvæðið ekki haft lagagildi. En rjettur-
inn getur ekki fallist á þetta. Í 31. gr.
nefndrar tilskipunar er svo ákveðið, að í
bæjarsamþykktina megi setja nákvæmari
reglur "um sjerhvert atriði í bæjarstjórninni
sem þykir áskilegt að tilskyga nákvæmar,
samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem
tilskipunin hefur inni að halda." —
En það verður ekki sjeð að greint sam-
þykktarákvæði ríði að neinu leyti í bága
við grundvallarreglur tilskipunarinnar. —
Þvert á móti er það ein af grundvallarreglum
hennar, að stjórn bæjarins sje bær að ráða
um afhendingu á eignum bæjarfjelags-
ins, einnig byggingarlóðunum og leiðir af
því að henni er einnig heimilt að binda
afhendingu þeirra skilyrðum. En fram-
angreint ákvæði í 30. gr. samþykktar-
innar 4. des. 1888 ber að skilja á þá
leið, að með því sje lögð sú kvöð á lóðir
Reykjavíkurbæjar, eða afhendingu þeirra
bundin því skilyrði, að eigendur þeirra
sjeu skyldir að taka þátt í kostnaðinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nýrra vega með fram þeim. Og þar sem ákvæði þetta hefur verið löglega tekið upp í samþykkt bæjarins og hún hefur verið birt í stjórnartíðindunum, þá hlýtur það að hafa fullt lagagildi gagnvart öllum þeim, er fengið hafa sjer byggingarlóðir útmældar eptir að samþykktin öðlaðist gildi, nema því að lóðareigandi hafi með sjerstökum samningi fengið sig undanþeginn ákvæðinu. —

Nú hefur stefndi fengið útvísaða lóðina við Grettisgötu eptir að samþykktin öðlaðist gildi og það er svo langt frá því, að hann hafi fengið sig undanþeginn vegargjaldsákvæðinu, að það er þvert á móti með framlögðu eptirriti úr gjörðabók byggingarnefndar Reykjavíkur og vitnisspurðum tveggja úr nefndinni löglega sannað, að lóðin hafi verið afhent honum beiðninni með því skilyrði, að hann taki þátt í kostnaðinum við lagningu götunnar. Og með því að taka þannig við lóðinni hefur stefndi skuldbundið sig til að greiða tiltölulega hluta af kostnaðinum við götulagninguna, og sú skuldbinding hefur án als efa fullt samningsgildi burtsjeð frá ákvæðinu í 20. gr. byggingarsamþykktarinnar frá 4. des. 1888

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefndi hefur reyndar hreyft því, að byggingarnefndinni hafi brostið heimild til að gjöra það að skilyrði fyrir afhending lóðarinnar, að hann tæki þátt í vegarlagningarkostnaðinum, þar sem slíkt skilyrði hefði verið sett, en samkvæmt 5. gr. í tilskipun 17. nóv. 1786 hefði verið óheimilt að selja lóðir í Reykjavík áður en lög 3. okt. 1903 þar um öðluðust gildi. En það er hvorutveggja, að hjer er ekki um neina lóðarsölu að ræða, og svo verður dómarinn að álíta — þrátt fyrir tilskipunina í opnu brjefi 27. nóv. 1839. 2. gr. — að 5. gr. í tilskipun 17. nóv. 1786 hafi þegar verið gilt numin með tilsk. 28. des 1836, og þá verður einnig að álíta, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi áður en lög 3. okt. 1903 gengu í gildi, haft heimild til að áskilja bænum endurgjald fyrir byggingarlóðir. —

Hinn stefndi hefur ekki fundið að því að hið umstefnda gjald, sje of hátt sett og samkvæmt framansögðu ber þá að dæma hann til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a., og ennfremur málskostnað er þykir hæfilega ákveðinn 15 kr. með tilliti til þess, að stefnanda ber að greiða setudómaranum dagpeninga og ferðakostnað fyrir allar ferðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans í málinu. —

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi Sigurður Jónsson í Reykjavík greiði bæjarsjóði Reykjavíkur 18 kr. 75 a. og ennfremur málskostnað með 25 kr. —

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför. —

Páll Einarsson
setudómari. —

— . — — . — — . —

Rjett dómseptirrit staðfestir.
Hafnarfirði 8. ágúst 1904. —
Páll Einarsson

Gjald: kr. 0.75
P.E.

Ár 1904 laugardaginn 20. ágúst mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðann hjeraðsdóm fyrir Svanhildi Þórarinsdóttir á heimili sonar hennar Sigurðar Jónssonar í húsinu № 54 við Grettisgötu hjer í bænum, þar dómfelldi var ekki heima staddur, Sömuleiðis skal þess getið að nefnd Svanhildur er húsmóðir hjá syni sínum Sigurði Jónssyni, þetta vottum við, samkvæmt stefnuvotta eiði okkar og staðfestum, með nöfnum okkar, og innsiglum.

Gjaldið 1. ein króna.

J. Björnsson Sig Pétursson

S.P. J.B.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## úr
## dómsmálabók Reykjavíkurkaupstaðar löggiltri 29. febr. 1904. –

---

Ár 1904 fimtudaginn þ. 28 júlí tók Páll Einarsson, sýslumaður í Gullbr.- og Kjósarsýslu, sem setudómari, sæti í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, eptir að hinn reglulegi dómari hafði vikið sæti. – Rjettarvottar voru: S. Jónsson, Jónas Jónsson Sigurður Pjetursson og Sveinn Guðnason. –

Var þá tekið fyrir

Málið: 7/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Árna Sæmundssyni

og í því kveðinn upp svohljóðandi

Dómur:

Í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1888 20. gr. er svo ákveðið: „Ef leggja skal götur eða vegi frá upphafi, þar sem eigi hefur áður verið ræður bæjarstjórnin því, hvort, og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að, og hvernig þeir skuli greiða kostnað þann, sem á þá legst, hvort heldur með peningum eða vinnu", og er ákvæði þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óbreytt tekið upp í hina núgildandi samþykkt um stjórn bæjarmálefna kaupstaðarins frá 1. ágúst 1902. – Á fundi 20 febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, að þessu samþykktarákvæði skyldi beitt eptirleiðis þannig, að er nýjar götur væru gjörðar, þá skyldi jafna tiltölulegum hluta af kostnaðinum niður á þá, er lóðir ættu meðfram götunni eptir fyrirfram gjörðri áætlun yfir allan vegagjörðarkostnaðinn. Í framhaldi af þessari ályktun var ennfremur á bæjarstjórnarfundi 16 okt. 1902 ákveðið, að af kostnaðinum við lagningu Grettisgötu skyldu lóðareigendur greiða 75 aura fyrir hverja alin í veginum meðfram lóð sinni.

Þann 11 júní 1902 fjekk stefndi, Árni Sæmundsson í Reykjavík, sjer lóð útmælda við Grettisgötu, 25 álnir á lengd meðfram götunni. Samkvæmt framangreindum fundarályktununum krafði bæjarstjórnin hann sem lóðareiganda, um gjald til lagningar götunni, 75 aura fyrir hverja alin lóðarinnar, eða alls um 18 kr. 75 a., en hann hefur neitað að borga. Er mál þetta risið út af því og hefur bæjarstjórnin krafist þess, að hann verði með dómi skyldaður til að greiða upphæð þessa og málskostnað eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafist að verða sýknaður, og að sjer verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tildæmdur málskostnaður. —

Sýknunarkröfu sína byggir stefndi aðallega á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi ekki samkvæmt 21. gr. í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, verið heimilt að setja framanum tilfært ákvæði í bæjarsamþykktina og geti það því ekki haft neitt gildi. En rjetturinn getur ekki fallist á þetta. Í 21. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 er ákveðið, að í bæjarsamþykktina megi setja nákvæmari reglur "um sjerhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að tilleggja nákvæmar, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipunin hefur inni að halda". En það verður ekki sjeð að greint samþykktarákvæði ríði að neinu leyti í bága við grundvallareglur tilskipunarinnar, þvert á móti er það ein af grundvallarreglum ~~(tilskipunarinnar)~~ hennar, að stjórn bæjarins ráði fyrir um afhendingu á eignum bæjarfjelagsins, og þar tilheyrir að henni sje heimilt að binda afhendingu þeirra skilyrðum. En ákvæðið í 20. gr. samþykktarinnar 4 des. 1888 ber að skilja á þá leið að með því sje lögð sú kvöð á lóðir Reykjavíkurbæjar eða afhending þeirra sje bundin því skilyrði, að eigendur þeirra sjeu skyldir til að taka tiltölulegan þátt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þátt í kostnaði við lagningu nýrra vega meðfram þeim. Og þar sem ákvæði þetta hefur löglega verið tekið upp í samþykkt bæjarins, sem birt hefur verið í stjórnartíðindunum, þá hlýtur það að hafa gildi gagnvart öllum þeim, er eignast hafa lóðir eptir að samþykktin öðlast gildi nema þeim einum, er með sjerstökum samningi hafa fengið sig undanþegna ákvæðinu. –

Nú hefur stefndi fengið útvísaða lóðina við Grettisgötu eptir að samþykktin öðlast gildi og það er svo langt frá því að hann hafi fengið sig undanþeginn vegargjalds-ákvæðinu, að það er þvert á móti með framlögðu eptirriti úr gjörðabók byggingarnefndarinnar og vitnisburðum tveggja úr nefndinni nægilega sannað að lóðin var afhent honum með því skilyrði, að hann taki tiltölulegan þátt í kostnaðinum við lagningu Grettisgötu ~~nnar~~ ⊥, og sú skuldbinding hefur án alls efa fullt samningsgildi burtsjeð frá ákvæðinu í 20 gr. bæjarsamþykktarinnar. –

⊥ með því að taka við lóðinni hefur hann skuldbundið sig til að taka þátt í kostnaðinum við lagningu götunnar

Stefndi hefur reyndar hreyft því að byggingarnefndina hafi brostið heimild til að binda afhendingu lóðarinnar því skilyrði að hann borgaði tiltölulegan hluta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hluta af kostnaðinum við lagningu Urðarstígsgötu, þar sem slíkt hefði verið talað, en samkv. 5. gr. í tilsk. 17 nóv. 1786 hefði verið óheimilt að selja lóðir í Reykjavík áður en lög 3. okt. 1903 öðluðust gildi. En það er hvorutveggja, að hjer var ekki um neina lóðarsölu að ræða, og svo verður dómarinn einnig að álíta — þrátt fyrir tilskipuninni í opnu brjefi 29 maí 1839. 2. gr. — að 5. gr. í tilskipun 17 nóv 1786 hafi verið úr gildi numin með tilsk. 28. des. 1836, og þá verður einnig að álíta, að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi áður en lög 3 okt. 1903 gjeng í gildi haft heimild til að áskilja bænum endurgjald fyrir byggingarlóðir. —

Hinn stefndi hefur ekki fundið að því að hið umstefnda gjald sje í sjálfu sjer of hátt sett, og samkvæmt framansögðu ber því að dæma hann til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a., og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónum með tilliti til þess að stefnanda ber að greiða stefnudómaranum dagpeninga og ferðakostnað, fyrir allar ferðir hans í málinu. —

Því dæmist rjett vera:
Stefndi Árni Guðmundsson í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiði bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a.
og ennfremur málskostnað með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans, að við lögðri lagaaðför. –

Páll Einarsson
settudómari. –

— c — — c — — c —

Rjett dómseptirrit staðfestir.
Hafnarfirði 8. ágúst 1904
Páll Einarsson
settudómari. –

Gjald: Kr. 0,75
P. E.

Ár 1904 laugardaginn 20. ágúst mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaðann hjeraðsdóm fyrir Sigrúnu Ólafsdóttir á heimili dómfellda snikkara Árna Sæmundssonar manns hennar í húsinu № 57 við Grettisgötu hjer í bænum þar nefndur Árni var ekki heima staddur.
Þetta vottum við, sem kvamt stefnuvotta eiði okkar, og staðfestum með nöfnum okkar, og innsiglum.

Gjaldið 1 ein króna
B. S. P.

B Bjarnason Sig Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

úr

dómsmálabók Reykjavíkurkaupstaðar löggiltri 29 febr. 1904

Á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí 1904 var af sýslumanni Páli Einarssyni sem setudómara tekið fyrir-

Málið: 8/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Þorláki Halldórssyni

og í því kveðinn upp svofelldur

Dómur:

Í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4 des. 1888, 20. gr. er svohljóðandi ákvæði: "Ef leggja skal götur eða vegi frá upphafi, þar sem eigi hefur áður verið, ræður bæjarstjórnin því, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að". Er ákvæði þetta tekið óbreytt upp í hina núgildandi samþykkt um bæjarmálefni í Reykjavík frá 1. ág. 1904. - Á fundi 20 febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, að þessu samþykktarákvæði skyldi beitt eptirleiðis þannig, að ef nýjar götur skyldi gjöra, þá skyldi jafna tiltölulegum hluta af vegalagningarkostnaðinum niður á þá, er lóðir ættu meðfram götunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir fyrir framgjörði áætlun yfir allan vegagjörðarkostnaðinn og skyldi einnig krefja þá um gjaldið, er hefðu fengið lóðir útmældar áður en fundarályktun þessi var gjörð. — Í framhaldi af þessari ályktun sinni þykkti bæjarstjórnin á fundi 16 okt 1902 að af kostnaðurinn við lagningu Hverfisgötu skyldu lóðareigendur greiða 75 aura fyrir hverja alin í veginum með fram lóð sinni. —

Þann 9 febr. 1901 hefði stefndi í máli þessu, Þorlákur Halldórsson, húsmaður í Reykjavík, fengið sjer útmælda lóð við Hverfisgötu, 25 álnir á lengd meðfram götunni. Samkvæmt framangreindum fundarákvörðunum krafði bæjarstjórnin hann um gjald til lagningar götunni, 75 aura fyrir hverja alin lóðarinnar eða alls um 18 kr. 75 aura, en hann neitaði að borga. Er mál þetta risið út af því og hefur bæjarstjórnin krafist þess, að hann verði með dómi skyldaður til að greiða upphæðina og málskostnað eptir mati rjettarins. —

Hinn stefndi hefur aptur á móti krafist þess að verða sýknaður og að sjer verði tildæmdur málskostnaður. —

Sýknukröfu byggir stefndi aðallega á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því, að samkvæmt 31. gr. í tilskipun
20. apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík,
hafi bæjarstjórnin eða samþykktarvaldið
brostið heimild til að setja framangreint
ákvæði í samþykktina um stjórn
málefna kaupstaðarins, og geti því á-
kvæðið ekki haft lagagildi eða verið skuld-
bindandi. – En rjetturinn getur ekki
fallist á þetta. Í 31. gr. nefndrar tilskipun-
ar er svo ákveðið, að í bæjarsamþykktina
megi setja nákvæmari reglur, um
sjerhvert atriði í bæjarstjórninni, sem
þyki æskilegt að tiltaka nákvæmar,
samkvæmt grundvallarreglum þeim,
sem tilskipunin hefur inni að halda.
En það verður ekki sjeð, að greint
ákvæði samþykktarinnar ríði að neinu
leyti í bága við grundvallarreglur tilskip-
unarinnar. Þvert á móti er það ein af
grundvallarreglum hennar, sbr. t. d. 19. gr.,
að stjórn bæjarins - stundum ásamt
hinni æðstu landsstjórn - sje bær að ráða
afhendingum á eignum bæjarfjelagsins,
einnig byggingarlóðunum, og sé líka
bær að binda afhendingar þeirra skilyrðum
eða leggja kvaðir á þær, og það einnig þótt
slíkar kvaðir geti haft í för með sjer
útgjöld fyrir þá er eignina verða aðnjót-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

andi. Hið hjermnefnda ákvæði í 20. gr. samþykktarinnar 4. des. 1888 ber að skilja á þá leið, að með því sje lögð sú kvöð á lóðir Reykjavíkurbæjar eða afhending þeirra bundin því skilyrði, að eigendur þeirra sjeu skyldir að taka þátt í lagningar-kostnaði nýrra vega meðfram þeim.

Og þar sem ákvæði þetta hefur verið löglega tekið upp í samþykktina um stjórn málefna kaupstaðarins og hún hefur verið birt í stjórnartíðindunum, þá hefur það fullt lagagildi gagnvart öllum, er fengið hafa sjer útmældar lóðir til eignar, eptir að samþykktin öðlaðist gildi, nema því að lóðareigandi hafi með sjerstökum samningi fengið sig undanþeginn kvöðinni. —

Nú hefur stefndi í máli þessu fengið sjer útmælda lóðina við Hverfisgötu eptir að samþykktin öðlaðist lagagildi, og hann hefur ekki sýnt sönnur á, að hann hafi fengið sig undanþeginn skyldunni að greiða tiltölulegan hluta af kostnaðinum við lagningu götunnar og verður því að líta svo á, að hann með því að taka við lóðinni hafi skuldbundið sig til að greiða hið umrædda vegargjald.

Stefndi hefur einnig haldið því, að ó-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimilt hefði verið að gjöra greiðslu vegargjaldsins að skilyrði fyrir afhendingu lóðarinnar, þar sem slíkt hefði verið lóðarsala, en samkvæmt 5. gr. í tilsk. 17 nóv. 1786 hefði bæjarstjórn Reykjavíkur verið óheimilt að selja lóðir áður en lög 3. okt. 1903 öðluðust gildi. — En stefndi getur heldur ekki vegna þessa orðið sýknaður, því hjer var ekki um neina lóðarsölu að ræða, og dómarinn álítur líka, — þrátt fyrir tilvísunina í opnu brjefi 29 maí 1839. 2. gr. — að 5. gr. í tilskipun 17 nóv. 1786 hafi verið úr gildi numin með tilskipun 28 des. 1836, og að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi einnig áður en lög 3. okt. 1903 gengu í gildi haft heimild til þess að áskilja bænum endurgjald fyrir byggingarlóðir. —

Stefndi hefur ekki fundið að því, að hið umstefnda vegargjald sje í sjálfu sjer hátt sett, og ber því samkvæmt framansögðu að dæma hann til að greiða stefnanda 18 kr. 75 a. —

Einnig verður að álíta rjett að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað, og þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur, með sjerstöku tilliti til þess að stefnanda ber að greiða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stúdóraranum ferðakostnað og dagpeninga fyrir allar ferðir hans í málinu.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi þorlíkur Halldórsson greiði bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a. og ennfremur málskostnað með 20 krónum.—

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.—

---

Dómurinn var lesinn hátt upp í rjettinum (og (við mál No 6 og 7) gjet dómarinn þess getið, að sökum embættisferða og anna, hefði dómsuppsögnin dregist lengur en til var ætlast.)—

Með því að ekki voru fleiri mál fyrir að taka á þinginu var

rjetti slitið

Páll Einarsson

Vottar:

Sig. Pjetursson Grímsson

Jón Jónsson Bo. Eiríksson.

— . — — . — — . —

Rjett eptirrit staðfestir.—

Hafnarfirði 8. ágúst 1904

Páll Einarsson

Gjald: 0.75. —
P.E.

Ár 1904 laugardaginn 20. ágúst—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mánadar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðann hjeradsdóm Þorláki Halldórssyni persónulega á heimili hans við Hverfis=
=isgötu № 42. hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta eiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar, og innsiglum.

Gjaldið tein króna
B. SP.

B. Björnsson Sig. Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Adresse telegraqhique: „Smith".

GERH. SMITH-PETERSEN.
Etablissement 1884.

Courtier maritime.

Agent consulaire de France
à
Grimstad & Lillesand.

Vente des Mines.

Scott's Code 1888.
Watkins Code & Appendix 1884.
A. B. C. Code.
Zebra Code.

Grimstad 3/3 1906
(Norvège.)

Herrer
Reykjavik Byraad
Reykjavik
Island

Jeg er af Herr Minister Hafstein meddelt, at jeg for at erholde oplysninger om de gjorte Malmfund paa Island bör henvende mig til det ærede Byraad, og da jeg fornylig havde Besög af en Continental Geolog, som med megen Interesse omtalte Mineral og Ertsfundene paa Island, er jeg saa fri at forhöre, om der er Anledning til at erholde oplysninger om Fundene, idet jeg fra Autoritativt Hold har Meddelelse om, at denne Geolog var vel anseet og havde gode Forbindelser, saa der er Sandsynlighed for, at jeg kunde for

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

anledige Continentale Selskaber til at speculere i eventuelt Kjöb af Felterne om saadant har Interesse for det ærede Byraad, i hvilket Fald jeg tillader mig at imödese Beretninger Karter, Analyser & Pröver.*

Haabende det ærede Byraad vil undskylde min Frihed takker jeg i Forventning & tegner

Höiagtelsesfuldt

[illegible signature]

*N. samt Pris forlangender

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lúðraspil

# Tillaga.

Bæjarstjórnin skorar á stjórn hlutafélagsins "Málmur" að gjöra þessar breytingar og viðauka við hin nýútkomnu lög félagsins:

1. Viðbót við 4. gr.

Gefa skal Reykvíkingum fyrst og fremst kost á að skrifa sig fyrir hlutafénu um þriggja mánaða tímabil, þá öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hér á landi, um 6 mánaða tíma; fáist eigi á þann hátt nægilegt fé, má bjóða hlutabréfin til sölu í útlöndum. Nú skrifa menn sig fyrir meira fé en greindum 100 þúsund krónum, og skal þá skerða að réttri tiltölu áskriftarupphæð allra þeirra, er skrifað hafa sig fyrir meira en 2 hlutum, þó þannig, að jafnan standi á heilum hlut.

Þannig skal og að fara, ef hlutaféð verður aukið.

Auglýsing um útboð á hlutabréfum skal birt að minnsta kosti í 3 blöðum, sem út koma í Reykjavík, og verði hlutabréfin boðin út fyrir utan Reykjavík, skal hún birt í öllum fréttablöðum landsins; telst áðurgreindur frestur frá síðustu birtingu auglýsingarinnar.

2. Að eftir 6. grein komi ný grein svohljóðandi:

Félagið, starfsemi þess og reikningar skulu jafnan háð eftirliti af hendi bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. 14. grein ordist svo:

Stjórnin semur dagskrá hvers fundar, og skal hún liggja til sýnis hjá formanni að minsta kosti viku fyrir fundardag. Engin mál mega koma til umræðu á fundinum, önnur en þau er á dagskrá standa, nema fundurinn ákveði sjálfur með lögmætum meiri hluta.

(Orðin: "Breytingartillögur" o. s. frv. til enda málsgreinarinnar falli burt).

4. Við 16. grein:

Fyrir orðin: "og gildir sú kosning til aðalfundar 1908" komi: og gildir sú kosning til aðalfundar í marzmánuði 1907.

5. Við 19. grein:

Framan við greinina komi svohljóðandi málsgrein: Félagið greiði bæjarsjóði Reykjavíkur árlegt gjald 500 kr. talið frá 4. ágúst 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Nefndarálit

námanefndar þeirrar, er kosin var á bæjarstjórnarfundi 6. dag aprílm. 1905.

—:—

Nefndin leggur til, að Sturlu kaupmanni Jónssyni og félögum hans verði gefinn kostur á að gera göng niður í jörðina í Vatnsmýrinni til rannsóknar á málmum, og á síðan forgangsréttur að námagrefti í landi bæjarins, því svæði, er um gæti samið, þó eigi minna en frá Hafnarfjarðarveginum og suður að Skerjafirði, og milli Skildinganeslands og Öskjuhlíðar að henni meðtaldri, innan námatakmarka, er síðar verða ákveðin, með þessum höfuðskilyrðum:

1. að byrjað sé á reglulegum námagrefti innan tveggja ára, frá því prófgrefti er lokið, en honum skal lokið innan 2 ára.
2. að Sturla kaupmaður Jónsson og félagar hans gangist fyrir stofnun hlutafélags með takmarkaðri ábyrgð í þeim tilgangi að nota námaréttinn, og sé öllum bæjarbúum fyrst og fremst gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutum í 3 mánuði, en fáist eigi á þann hátt nægilegt hlutafé, þá öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hér á landi, í 6 mánuði þar á eftir. Fáist enn eigi nægilegt fé með þessu móti, er heimilt að bjóða hlutabréfin til sölu í útlöndum. Minstu hlutabréf skulu eigi nema minna en 50 krónum.
3. að félagið hagi sér eftir fyrirmælum löggjafarvaldsins eða bæjarstjórnar um hvernig haga skuli vinnunni (svo að lífi og heilsu vinnufólksins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sé eigi stofnað í hættu, svo og um það, hvert gröftur skuli fluttur, vatni veitt o. s. frv.)

4. að félagið og reikningar þess sé jafnan háð eftirliti af hendi bæjarstjórnar.

6. 5. að félagið greiði í leigu fyrir einkaréttinn frá því byrjað er á námagrefti, árlegt gjald það, er hér segir:

a. Ef hreinn ársgróði félagsins nemur eigi meira en 5%, greiðir það ekkert gjald.

b. Ef hreinn ársgróði nemur meiru en 5%, greiðist bæjarsjóði 1/5 af ágóðanum frá 5% og upp að 25%, en 1/3 af ágóðanum frá 25% upp í 50%.

c. Ef hreinn ársgróði fer fram úr 50%, skal það sem eftir er, skiftast jafnt milli bæjarins og hluthafa.

7. 6. að námuvirki félagsins rýri ekki notagildi neyzluvatnsbrunna, er bæjarstjórn kynni að láta gera í grend við bæinn.

Reykjavík 2. júní 1905.

Björn Kristjánsson

Halldór Jónsson

G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillaga.

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki eftirfarandi

## skilmála

fyrir námurétti félagsins „Málmur“ í Reykjavíkurlandi, samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi 15. júní 1905.

1. Sturlu kaupmanni Jónssyni og félögum hans, þ. e.: nú félaginu „Málmur“, veitist kostur á að gjöra göng og prófboranir niður í jörðina ~~í Vatnsmýri~~ til rannsóknar á málmum og á síðan forgangsrétt til námugraftar á því svæði bæjarlandsins, er þannig takmarkast:
   a. Að vestanverðu: bein lína úr austasta Skildinganeshólnum í suðvesturhorn túnbletts Þorleifs Jónssonar kennara.
   b. Að norðanverðu ráði takmörk túnbletts Þorleifs Jónssonar, túnbletts dr. J. Jónassens, land lektors Þórhalls Bjarnarsonar, land Félagsgarðs, Gróðrarstöðin, þá Aldamótagarðurinn, þá tún Einars Helgasonar og úr neðra horni þess bein lína í suðvesturhornið á túni Sigurðar Thoroddsens, þaðan eins og Hafnarfjarðarvegurinn ræður að Fossvogi, að undanskildu túni Guðmundar Jakobssonar.
   c. Að sunnan ráði Fossvogur og landamerki Skildinganess og Reykjavíkur.
   d. Námurétturinn nái að þessum línum lóðrétt niður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Byrja skal á reglulegum námugrefti innan 2 ára frá því prófgrefti og prófborunum er lokið, en þeim skal lokið innan 2 ára frá (~~15. [illegible]~~ 1. janúar, 1906 að telja.

3. Sturla kaupmaður Jónsson og félagar hans gangist fyrir stofnun hlutafélags, þ.e. nú félagið "Málmur", með takmarkaðri ábyrgð í þeim tilgangi að nota náméttinn, og skal Reykvíkingum fyrst og fremst gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutafénu um 3 mánaða tímabil; fáist eigi nóg fé með því móti, má bjóða það sem til vantar öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hér á landi, um 6 mánaða tíma; fáist eigi enn á þann hátt nægilegt fé, má bjóða út í útlöndum það, sem á vantar. – Nú skrifa menn sig fyrir meira fé en (~~[illegible]~~ þeim 100 þúsund krónum) sem auglýsa skal til áskriftar eptir fjelagslögunum. og skal þá skerða að réttri tiltölu áskriftarupphæð þeirra, er skrifað hafa sig fyrir meira en 2 hlutum, þó þannig að jafnan standi á heilum hlut. – Eigi skal skerða áskriftarupphæð Reykvíkinga, ef hlutir hafa verið seldir öðrum Íslendingum, og eigi skal skerða áskriftarupphæð Íslendinga, ef hlutir hafa verið seldir í útlöndum.

Þannig skal og að fara, ef hlutaféð verður aukið.

Auglýsing um útboð á hlutafénu skal birt að minsta kosti í 3 blöðum, sem út koma í Reykjavík, og verði hlutabréfin boðin út fyrir utan Reykjavík, skal auglýsingin birt að minsta kosti í einu fréttablaði í hverjum landsfjórðungi. Áðurgreindur frestur telst frá því, að hinar fyrirskipuðu auglýsingar síðast koma út. 9

Minstu hlutabréf skulu eigi nema meiru en 50 kr.

4. Félagið skal haga sér eftir fyrirmælum löggjafarvaldsins og bæjarstjórnarinnar um, hvernig hátta skuli vinnunni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Félagið, starfsemi þess og reikningar skulu jafnan háð eftirliti af hendi bæjarstjórnarinnar.

6. Félagið skal greiða bæjarsjóði Reykjavíkur 500 króna árlegt gjald fyrir réttindi sín, meðan samningurinn við það er í gildi. Gjaldskyldan telst frá ~~1. ágúst~~ 1. Janúar 1906 og greiðist gjaldið fyrir hver ~~árslok~~.

7. Félagið skal greiða í leigu fyrir einkaréttinn frá því byrjað er á námugrefti árlegt gjald það er hér segir:

a. Ef hreinn ársgróði félagsins nemur ekki meiru en 5% af hlutafénu, greiðir það ekkert gjald.

b. Ef hreinn ársgróði nemur meiru en 5%, skal greiða bæjarsjóði 1/5 af ágóðanum frá 5% og upp að 25%, en 1/3 af ágóðanum frá 25% upp í 50%.

c. Ef hreinn ársgróði fer fram úr 50%, skal það sem fram yfir er skiftast jafnt milli bæjarins og hluthafa.

8. Mannvirki félagsins mega eigi rýra notagildi neyzluvatnsbrunna, er bæjarstjórnin kann að láta gjöra í grend við bæinn.

9. Einkaréttartími félagsins er 50 ár, talið frá því prófgrefti og prófborunum er lokið, sbr. tölul. 2.

10. Félagið skal missa einkarétt sinn, ef það á einkaleyfistímanum lætur líða 2 ár án þess að framhalda reglulegum námugrefti með að minsta kosti eins miklu hlutafjármagni eins og ákveðið verður að félagið taki til starfa með samkvæmt félagslögunum.

11. Stjórn félagsins skal vera búsett í Reykjavík, og varnarþing þess þar

12. Stjórn félagsins skal láta prenta þessa skilmála til handa félagsmönnum og almenningi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skilmálar

### *fyrir námurjetti fjelagsins „Málmur“ í Reykjavíkurlandi, samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi 15. júní 1905.*

1. Sturlu kaupmanni Jónssyni og fjelögum hans, þ. e. nú fjelaginu »Málmur« veitist kostur á að gjöra göng og prófboranir niður í jörðina til rannsóknar á málmum og á síðan forgangsrjettur til námugraptrar á því svæði bæjarlandsins, er þannig takmarkast:
   a. Að vestanverðu bein lína úr austasta Skildinganeshólnum í suðvesturhorn túnbletts Þorleifs Jónssonar kennara.
   b. Að norðanverðu ráði takmörk túnbletts Þorleifs Jónssonar, túnblettir dr. J. Jónassens, land lektors Þórhalls Bjarnarsonar, land Fjelagsgarðs, Gróðrarstöðin, þá Aldamótagarðurinn, þá tún Einars Helgasonar og úr neðra horni þess bein lína í suðvesturhornið á túni Sigurðar Thoroddsens, þaðan eins og Hafnarfjarðarvegurinn ræður að Fossvogi, að undanskildu túni Guðmundar Jakobssonar.
   c. Að sunnan ráði Fossvogur og landamerki Skildinganess og Reykjavíkur.
   d. Námurjetturinn nái að þessum línum lóðrjett niður.
2. Byrja skal á reglulegum námugreptri innan 2 ára frá því prófgreptri og prófborunum er lokið, en þeim skal lokið innan 2 ára frá 1. janúar 1906 að telja.
3. Sturla kaupmaður Jónsson og fjelagar hans gangast fyrir stofnun hlutafjelags, þ. e. nú fjelagið »Málmur« með takmarkaðri ábyrgð í þeim tilgangi að nota námurjettinn, og skal Reykvíkingum fyrst og fremst gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutafjenu um 3 mánaða tímabil, fáist eigi nóg fje með því móti, má bjóða það sem til vantar öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hjer á landi, um 6 mánaða tíma, fáist eigi enn á þann hátt nægilegt fje, má bjóða út í útlöndum það, sem á vantar. — Nú skrifa menn sig fyrir meiru fje en þeim 100 þúsund krónum, sem auglýsa skal til áskriptar eptir fjelagslögunum, og skal þá skerða að rjettri tiltölu áskriptarupphæð þeirra, er skrifað hafa sig fyrir meiru en 2 hlutum, þó þannig að jafnan standi á heilum hlut. — Eigi skal skerða áskriptarupphæð Reykvíkinga, ef hlutir hafa verið seldir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öðrum Íslendingum, og eigi skal skerða áskriptarupphæð Íslendinga, ef hlutir hafa verið seldir í útlöndum.

Þannig skal og að fara, ef hlutafjeð verður aukið, þó því að eins að hluthafar félagsins vilji eigi sjálfir hlutfallslega skrifa sig fyrir aukning hlutafjárins.

Auglýsing um útboð á hlutafjenu skal birt að minnsta kosti í 3 blöðum, sem út koma í Reykjavík, og verði hlutabrjefin boðin út fyrir utan Reykjavík skal auglýsingin birt að minnsta kosti í einu frjettablaði í hverjum landsfjórðungi. Áðurgreindur frestur telst frá því, að hinar fyrirskipuðu auglýsingar síðast koma út. Þó telst útboðsfrestur ofangreindra 100,000 kr. fyrir Reykjavík frá 1. desember 1905.

Minnstu hlutabrjef skulu eigi nema meiru en 50 kr.

4. Fjelagið skal haga sjer eptir fyrirmælum löggjafarvaldsins og bæjarstjórnarinnar hvernig hátta skal vinnunni.
5. Fjelagið, starfsemi þess og reikningar skulu jafnan háð eptirliti af hendi bæjarstjórnarinnar.
6. Fjelagið skal greiða bæjarsjóði Reykjavíkur 500 króna árlegt gjald fyrir rjettindi sín, meðan samningurinn við það er í gildi. Gjaldskyldan telst frá 1. janúar 1906 og greiðist gjaldið fyrir hver árslok.
7. Fjelagið skal greiða í leigu fyrir einkarjettinn frá því byrjað er á námugreptri árlegt gjald það er hjer segir:
   a. Ef hreinn ársgróði fjelagsins nemur ekki meiru en 5% af hlutafjenu, greiðir það ekkert gjald.
   b. Ef hreinn ársgróði nemur meiru en 5%, skal greiða bæjarsjóði 1/5 af ágóðanum frá 5% og upp að 25%, en 1/3 af ágóðanum frá 25% upp í 50%.
   c. Ef hreinn ársgróði fer fram úr 50%, skal það sem fram yfir er, skiptast jafnt milli bæjarins og hluthafa.
8. Mannvirki fjelagsins mega eigi rýra notagildi neyzluvatnsbrunna, er bæjarstjórnin kann að láta gjöra í grend við bæinn.
9. Einkarjettartími fjelagsins er 50 ár, talið frá því prófgreptri og prófborunum er lokið, sbr. tölul. 2.
10. Fjelagið skal missa einkarjett sinn, ef það á einkaleyfistímanum lætur líða 2 ár án þess að framhalda reglulegum námugrepti með að minnsta kosti eins miklu hlutafjármagni eins og ákveðið verður að fjelagið taki til starfa með samkvæmt fjelagslögunum.
11. Stjórn fjelagsins skal vera búsett í Reykjavík og varnarþing þess þar.
12. Stjórn fjelagsins skal láta prenta þessa skilmála til handa fjelagsmönnum og almenningi. —

Prentsmiðjan Gutenberg. — 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skilmálar

## *fyrir námurjetti fjelagsins „Málmur“ í Reykjavíkurlandi, samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi 15. júní 1905.*

1. Sturlu kaupmanni Jónssyni og fjelögum hans, þ. e. nú fjelaginu »Málmur« veitist kostur á að gjöra göng og prófboranir niður í jörðina til rannsóknar á málmum og á síðan forgangsrjettur til námugraptrar á því svæði bæjarlandsins, er þannig takmarkast:
   a. Að vestanverðu bein lína úr austasta Skildinganeshólnum í suðvesturhorn túnbletts Þorleifs Jónssonar kennara.
   b. Að norðanverðu ráði takmörk túnbletts Þorleifs Jónssonar, túnblettir dr. J. Jónassens, land lektors Þórhalls Bjarnarsonar, land Fjelagsgarðs, Gróðrarstöðin, þá Aldamótagarðurinn, þá tún Einars Helgasonar og úr neðra horni þess bein lína í suðvesturhornið á túni Sigurðar Thoroddsens, þaðan eins og Hafnarfjarðarvegurinn ræður að Fossvogi, að undanskildu túni Guðmundar Jakobssonar.
   c. Að sunnan ráði Fossvogur og landamerki Skildinganess og Reykjavíkur.
   d. Námurjetturinn nái að þessum línum lóðrjett niður.
2. Byrja skal á reglulegum námugreptri innan 2 ára frá því prófgreptri og prófborunum er lokið, en þeim skal lokið innan 2 ára frá 1. janúar 1906 að telja.
3. Sturla kaupmaður Jónsson og fjelagar hans gangast fyrir stofnun hlutafjelags, þ. e. nú fjelagið »Málmur« með takmarkaðri ábyrgð í þeim tilgangi að nota námurjettinn, og skal Reykvíkingum fyrst og fremst gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutafjenu um 3 mánaða tímabil, fáist eigi nóg fje með því móti, má bjóða það sem til vantar öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hjer á landi, um 6 mánaða tíma, fáist eigi enn á þann hátt nægilegt fje, má bjóða út í útlöndum það, sem á vantar. — Nú skrifa menn sig fyrir meiru fje en þeim 100 þúsund krónum, sem auglýsa skal til áskriptar eptir fjelagslögunum, og skal þá skerða að rjettri tiltölu áskriptarupphæð þeirra, er skrifað hafa sig fyrir meiru en 2 hlutum, þó þannig að jafnan standi á heilum hlut. — Eigi skal skerða áskriptarupphæð Reykvíkinga, ef hlutir hafa verið seldir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öðrum Íslendingum, og eigi skal skerða áskriptarupphæð Íslendinga, ef hlutir hafa verið seldir í útlöndum.

Þannig skal og að fara, ef hlutafjeð verður aukið, þó því að eins að hluthafar félagsins vilji eigi sjálfir hlutfallslega skrifa sig fyrir aukning hlutafjárins.

Auglýsing um útboð á hlutafjenu skal birt að minnsta kosti í 3 blöðum, sem út koma í Reykjavík, og verði hlutabrjefin boðin út fyrir utan Reykjavík skal auglýsingin birt að minnsta kosti í einu frjettablaði í hverjum landsfjórðungi. Áðurgreindur frestur telst frá því, að hinar fyrirskipuðu auglýsingar síðast koma út. Þó telst útboðsfrestur ofangreindra 100,000 kr. fyrir Reykjavík frá 1. desember 1905.

Minnstu hlutabrjef skulu eigi nema meiru en 50 kr.

4. Fjelagið skal haga sjer eptir fyrirmælum löggjafarvaldsins og bæjarstjórnarinnar hvernig hátta skal vinnunni.
5. Fjelagið, starfsemi þess og reikningar skulu jafnan háð eptirliti af hendi bæjarstjórnarinnar.
6. Fjelagið skal greiða bæjarsjóði Reykjavíkur 500 króna árlegt gjald fyrir rjettindi sín, meðan samningurinn við það er í gildi. Gjaldskyldan telst frá 1. janúar 1906 og greiðist gjaldið fyrir hver árslok.
7. Fjelagið skal greiða í leigu fyrir einkarjettinn frá því byrjað er á námugreptri árlegt gjald það er hjer segir:
   a. Ef hreinn ársgróði fjelagsins nemur ekki meiru en 5% af hlutafjenu, greiðir það ekkert gjald.
   b. Ef hreinn ársgróði nemur meiru en 5%, skal greiða bæjarsjóði 1/5 af ágóðanum frá 5% og upp að 25%, en 1/3 af ágóðanum frá 25% upp í 50%.
   c. Ef hreinn ársgróði fer fram úr 50%, skal það sem fram yfir er, skiptast jafnt milli bæjarins og hluthafa.
8. Mannvirki fjelagsins mega eigi rýra notagildi neyzluvatnsbrunna, er bæjarstjórnin kann að láta gjöra í grend við bæinn.
9. Einkarjettartími fjelagsins er 50 ár, talið frá því prófgreptri og prófborunum er lokið, sbr. tölul. 2.
10. Fjelagið skal missa einkarjett sinn, ef það á einkaleyfistímanum lætur líða 2 ár án þess að framhalda reglulegum námugrepti með að minnsta kosti eins miklu hlutafjármagni eins og ákveðið verður að fjelagið taki til starfa með samkvæmt fjelagslögunum.
11. Stjórn fjelagsins skal vera búsett í Reykjavík og varnarþing þess þar.
12. Stjórn fjelagsins skal láta prenta þessa skilmála til handa fjelagsmönnum og almenningi. —

Prentsmiðjan Gutenberg. — 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21/12

Reykjavík 21 des 1905

Skilmála þá fyrir námurjetti fjelagsins Málms, sem yður, herra bæjarfógeti, sendu stjórninni með brjefi dags 9. þ.m. hefir hún látið prenta og fylgja hjermeð nokkur eintök.

Með því að vjer höfum heyrt að bæjarfulltrúarnir hafi á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar látið í ljósi, að þeim væri ljúft að samþykkja heimild til þess fyrir hluthafa Málms, að þeir skrifuðu sig fyrir því, sem síðar kynni að verða bætt við hlutafjeð, ef ósk um það kæmi frá stjórn fjelagsins, þá leyfir hún sjer hjer með að mælast til þess, að bæjarstjórnin vildi samþykkja þetta og stingur upp á að 3 tölulidur í skilmálunum 3. málsgrein mætti orðast þannig:

„ þannig skal og að fara, ef hlutafjeð verður aukið, þó því aðeins að hluthafar fjelagsins vilji eigi sjálfir hlutfallslega skrifa sig fyrir aukning hlutafjárins"

Fyrir stjórn hlutafjelagsins „Málmö"
Sturla Jónsson

Til bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr bæjarstjórnarbók Reykjavíkurkaupstaðar.

---

Ár 1905, fimtudaginn 15. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Bæjarstjórnin samþykti, að Sturla kaupmanni Jónssyni og fjelögum hans verði gefinn kostur á að gjöra göng og prófborani niður í jörðina í Vatnsmýrinni til rannsóknar á málmum og á síðan forgangsrjettur að námugrefti í landi bæjarins, því svæði, er um getur samið, þó eigi innan en frá Hafnarfjarðarveginum og síðan að Skerjafirði og milli Skildinganeslandi og Öskjuhlíðar að henni meðtaldri, innan nánari takmarkana, er síðar verði ákveðin með þessum höfuðskilyrðum:

1. að byrjað sje á reglulegum námugrefti innan tveggja ára, frá því prófgrefti og prófborun er lokið, en því skal lokið innan 2 ára.

2. að Sturla kaupm. Jónsson og fjelagar hans gangist fyrir stofnun hlutafjelags með takmarkaðri ábyrgð í þeim tilgangi að nota námurjettinn og sje öllum bæjarbúum fyrst og fremst gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutum í 3 mánuði, en fáist eigi á þann hátt nægilegt hlutafé, því öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hjer á landi í 6 mánuði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar á eptir. Ráið er eigi nægilegt því með þessu móti er heimilt að bjóða hlutabrjefin til sölu í útlöndum. Minsta hlutabrjef skuli eigi nema minna en 50 krónum.

3. að fjelagið hagi sjer eptir fyrirmælum lög-gjafarvaldsins eða bæjarstjórnar um hvernig haga skuli reikningum.

4. að fjelagið og reikningar þess sjeu háðir eptirliti af hendi bæjarstjórnar.

5. að fjelagið greiði bæjarsjóði Reykjavíkur 5000 kr. árlegt gjald fyrir rjettindi sín, meðan samningurinn um það er í gildi.

6. að fjelagið greiði í leigu fyrir einkarjettinn frá því byrjað er á rafmagnsgerðinni, árlegt gjald það er hjer segir:

a. Ef hreinn ágóði fjelagsins nemur ekki meira en 5%, greiðir það ekkert gjald.

b. Ef hreinn ágóði nemur meira en 5%, greiðist bæjarsjóði 1/5 af ágóðanum frá 5% og upp að 25%, en 1/3 af ágóðanum frá 25% upp í 50%.

c. Ef hreinn ágóði fer fram úr 50% skal það, sem eptir er, skiptast jafnt milli bæjarins og hluthafa.

7. að mannvirki fjelagsins reyni ekki notagildi [illegible], er bæjarstjórn heimilt að láta gera í stand við bæinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi nema Jón Magnússon og Páll Bjarnason

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson

Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson.
Magnús Einarsson. Sig. Thoroddsen. Ólafur Ólafsson.
Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason.
Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason.

Rjetta útskrift staðfestir.

Halldór Daníelsson

Sturla Jónsson

Framanrituðum samningsatriðum er jeg samþykkur. –

Reykjavík 4. ágúst 1905

Sturla Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi, dags. 4. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent stjórn hlutafjelagsins Málms, áskorun, sem bæjarstjórnin hefur samþykkt, um að gjöra nokkra nánar tiltekna viðauka við lög fjelagsins, og hafið þjer jafnframt leitt athygli að því, að við stofnun fjelagsins hafi þess eigi verið gætt, sem fyrir er mælt í stofnunarleyfinu 4. tölulið, þar sem áskilið er, að fjelagið og reikningar þess skuli jafnan háðir eptirliti af hálfu bæjarstjórnarinnar, en stofnendurnir hafi ekki veitt bæjarstjórninni tækifæri til að athuga lög fjelagsins áður en þau voru gefin út og gæta þess, að þau færu eigi í bága við stofnunarleyfið, eins og bæjarstjórnin að sjálfsögðu átti rjett á.

Þessu erindi yðar og áskorun bæjarstjórnarinnar leyfum vjer oss að svara á þessa leið.

Vjer getum eigi orðið við þessari áskorun um að gjöra áminnstar breytingar á lögunum, fyrst og fremst af því, að vjer getum eigi viðurkennt, að bæjarstjórnin hafi neina heimild til þess, að ráða lögum fjelagsins. Bæjarstjórnin hefur veitt einkaleyfið með vissum skilyrðum, en í þessum skilyrðum er ekki neitt, sem bendir á, að hún hafi rjett til að hafa áhrif á lögin, enda mundi ekkert hlutafjelag geta gengið að slíku skilyrði, að láta ábyrgðarlausa menn, sem eru fyrir utan fjelagið, ráða alveg lögunum, en það er auðsætt, að ef vjer sinnum þessari áskorun nú, þá getum vjer búist við, að fá nýjar áskoranir um lagabreytingar eptir hvern bæjarstjórnarfund, enda er oss kunnugt um, að einn bæjarfulltrúi, að minnsta kosti, vildi fá lögunum breytt á ýmsan annan hátt á síðasta fundi, og þótt hann hafi verið í minni hluta þá, getur hann vel haft meiri hluta með sjer á þeim næsta.

Að byggja heimild til að hafa áhrif á lögin á 4. gr. í stofnunarleyfinu nær eigi neinni átt. Ef það hefði verið tilætlunin, að bæjarstjórnin ætti að semja lögin eða staðfesta þau, þá hefði sannarlega verið ástæða til að taka það beint fram í stofnunarleyfinu eigi síður en önnur atriði; og hefði svo átt að vera, þá var óþarft að taka nokkuð annað fram en þetta eina atriði, því hin ákvæðin gat bæjarstjórnin þá sjálf sett inn í lögin. Það hefði þá verið gjörsamlega þýðingarlaust að taka sjerstaklega fram önnur aðalskilyrði.

Í sambandi við þetta viljum vjer geta þess, að þegar vjer, 3 af stofnendum fjelagsins, sömdum um einkaleyfið við 3ja manna nefnd úr bæjarstjórninni, þá var aldrei *drepið* á það einu orði eða á nokkurn hátt gengið út frá því, að bæjarstjórnin ætti að staðfesta lögin, og var þó sjerstaklega og ýtarlega rætt um, í hverju eptirlitið með fjelaginu skyldi vera fólgið.

Þar sem vjer þannig höfum á löglegan hátt samið lög fjelagsins og þau nú liggja fyrir prentuð og hafa verið afhent hluthöfum, þá höfum vjer ekkert vald til að breyta lögunum á annan hátt en lögin sjálf mæla fyrir, og það er undir hluthöfum sjálfum komið, hvort þeir vilja gjöra það.

Enn viljum vjer taka það fram, þótt það samkvæmt framansögðu hafi litla þýðingu, að vjer teljum þessi ákvæði alls eigi eiga heima í lögunum og eigi fremur þessi skilyrði úr stofnunarleyfinu en hin önnur.

Vjer teljum öll skilyrði bæjarstjórnarinnar í stofnunarleyfinu óráváikjanlegan grundvöll undir fjelaginu, sem ekki verði á nokkurn hátt raskað af fjelagsmönnum með lögum eða lagabreytingum, og því alls eigi viðeigandi eða enda heimilt að setja þau inn í lög fjelagsins, nema að því er snertir arðsgjaldið til bæjarsjóðs, sem eigi varð hjá komist að taka í lögin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðaukar þeir, sem bæjarstjórnin vill að vjer bætum við lögin, eru í þrem greinum og hljóða svo:

1. Gefa skal Reykvíkingum fyrst og fremst kost á, að skrifa sig fyrir hlutafjenu um þriggja mánaða tímabil, þá öðrum Íslendingum, sem búsettir eru hjer á landi, um 6 mánaða tíma; fáist eigi á þann hátt nægilegt fje, má bjóða hlutabrjefin til sölu í útlöndum.

   Nú skrifa menn sig fyrir meiru fje, en greindum 100 þúsund krónum, og skal þá skerða að rjettri tiltölu áskriptarupphæð allra þeirra, er skrifað hafa sig fyrir meira en 2 hlutum, þó þannig, að jafnan standi á heilum hlut.

   Þannig skal og aðfara, ef hlutafjeð verður aukið.

   Auglýsing um útboð á hlutabrjefum skal birt að minnsta kosti í 3 blöðum, sem útkoma í Reykjavík, og verði hlutabrjefin boðin út fyrir utan Reykjavík, skal hún birt í öllum frjettablöðum landsins, telst áðurgreindur frestur frá síðustu birtingu auglýsingarinnar.
2. Fjelagið, starfsemi þess og reikningar skulu jafnan háð eptirliti af hendi bæjarstjórnar Reykjavíkur.
3. Fjelagið greiði bæjarsjóði Reykjavíkur árlegt gjald 100 krónur, talið frá 4. ágúst 1905.

Miðgreinin um eptirlit bæjarstjórnarinnar, virðist oss gagnslaus og meinlaus, með því að hún, að voru áliti, fer eigi fram á annað, en það sem stendur í 4. tölulið í stofnunarleyfinu, og sem því er jafnskuldbindandi fyrir fjelagið, hvort sem það er tekið upp í lögin eða ekki, nema bæjarstjórnin vilji, með því að bæta við orðinu »starfsemi«, gjöra eptirlitið víðtækara, en þar er ákveðið, og því auðvitað mótmælum vjer, en fyrsta og þriðja greinin fara í bága við stofnunarleyfið og væru því báðar ógildar, þótt þær kæmust inn í lögin á lögformlegan hátt.

Fyrsta greinin gengur sem sje aðallega út á það, að svipta Reykvíkinga þeim forgangsrjetti til hluta í fjelaginu, sem þeim er áskilinn í stofnunarleyfinu, því að eptir fyrsta lið í áskorun bæjarstjórnarinnar eiga Reykvíkingar og aðrir Íslendingar að sitja fyrir kaupum á hlutabrjefum í hvert skipti, og skrifi menn sig fyrir meira en hlutafjenu, þá skal skerða áskriptarupphæð *allra* þeirra, sem hafa skrifað sig fyrir meira en 2 hlutum, að rjettri tilltölu, í stað þess, að eptir stofnunarleyfinu áttu Reykvíkingar skilyrðislaust að hafa forgangsrjett, þannig, að ef þeir skrifuðu sig fyrir öllu hlutafjenu, fengju hinir ekki neitt, og þriðja greinin gengur út á, að lækka árgjald fjelagsins úr 500 kr. niður í 100 kr.

Vjer erum auðvitað fúsir á að ganga að þeirri breytingu á stofnunarleyfinu að færa niður árgjaldið til bæjarins um 400 kr., ef bæjarstjórnin getur fengið leyfi stjórnarráðsins til þess, en vjer viljum eigi ganga að því, að Reykvíkingar sjeu sviptir þeim forgangsrjetti, sem þeir nú hafa til að skrifa sig fyrir hlutum í fjelaginu, og þá heldur ekki að því, að lengja frestinn til hlutabrjefakaupa um ²/₃ eða upp í 9 mánuði. Hann er sannarlega allt of langur eins og hann er settur í stofnunarleyfinu.

Vjer höfum orðið þess varir, að það hefur valdið óánægju meðal nokkurra bæjarbúa, að í auglýsingu vorri um hluttöku í fjelaginu Málmi var eigi tekið fram, hvort eða hvernig yrði boðið til áskrifta hlutafje fjelagsins, ef það yrði aukið, og sumir hafa smíðað sjer út úr því ýmsar hugmyndir um fyrirætlanir stjórnarinnar í því efni.

Jafnvel þótt þetta hugmyndasmíði sje á engum rökum byggt, þar sem ákvæði bæjarstjórnarinnar þar að lútandi í stofnunarleyfinu eru alveg skýr, og þótt vjer höfum þegar sent bæjarstjórninni á síðasta fund hennar ótvíræða yfirlýsingu um, að vjer skiljum þetta ákvæði á sama hátt og bæjarstjórnin og ætluðum að beita þeim skilningi í framkvæmdinni, þá skulum vjer nú, til þess að sýna hve fúsir vjer erum til samkomulags, bjóða bæjarstjórninni að semja 2. lið í stofnunarleyfinu á ný, þannig, að þessi skilningur vor og bæjarstjórnarinnar á nefndum lið, að því er hlutafjeð snertir, sje orðaður enn ljósar, og að bætt verði inn í ákvæðum um rjettindi þau umfram aðra, sem vjer höfum í auglýsingu vorri, á-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilið hinum fátækari, sem eigi sjá sjer fært að skrifa sig fyrir meiru en tveimur hlutum.

Vjer látum hjer með fylgja uppkast að því, hvernig vjer álítum að nefndur 2. liður í stofnunarleyfinu ætti að vera orðaður, til þess að hann tvímælalaust taki fram það. sem vjer álítum að felist í honum, ef bæjarstjórnin kysi nú fremur að orða hann á þann hátt, heldur en eins og hún orðaði hann á fundi 15. júní þ. á.

Yfir höfuð erum vjer fúsir á að ganga að því, að bæjarstjórnin semji á ný stofnunarleyfið, ef innihaldi og efni er eigi raskað, og innlimi þá í það þær skýringar og viðbætur, sem bæði hún og stjórnarráðið hefur gjört á því, eptir að það fyrst var gefið út, til þess að það geti legið fyrir í einni heild, þegar vjer látum prenta það.

Vjer álítum, að bæjarstjórnin geti, hvenær sem er, aukið við stofnunarleyfið og breytt því með samþykki voru og hluthafanna, en lögum fjelagsins alls ekki.

Reykjavík, 15. nóvember 1905.

Virðingarfyllst,

Stjórn hlutafjelagsins Málms.

*Sturla Jónsson*, *Klemens Jónsson*, *Björn Ólafssan*,

*Sigurður Briem*, *Ásgeir Sigurðsson*.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

PRENTSM. GUTENBERG. 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hin háttvirta bæjarstjórn óskaði á síðasta fundi til námanefndarinnar að marka á korti svæði það, sem bæjarstjórnin ætlar að leyfa Sturlu kaupm. Jónssyni og félögum hans að nota til námagraftar.

Nefndin hefir ekki séð sér fært að draga þessa línu á þeim kortum, sem til eru, með því að ýmsir túnblettir hafa verið útmældir eftir þann tíma, er síðasta kortið var gert. Sér nefndin því ekki annað fært en að ráða bæjarstjórninni til að ákveða hið umtalaða svæði í samningunum, sem hér segir:

1. Að vestanverðu takmarkist svæðið þannig: Bein lína úr austasta Skildinganeshólnum í suðvesturhorn túnbletts Þorleifs Jónssonar kennara.
2. Að norðanverðu ráði takmörk túnbletts Þorleifs Jónssonar, túnbletti dr. J. Jónassens, land lektors Þórhalls Bjarnarsonar, land Félagsgarðs, Gróðrarstöðin, þá Aldamótagarðurinn, þá tún Einars Helgasonar og úr neðra horni þess bein lína í suðvesturhornið á túni Sigurðar Thoroddsens, þaðan einn og Hafnarfjarðarvegurinn ræður að Fossvogi að undanskildu túni Guðmundar Jakobssonar.
3. Að sunnan ráði Fossvogur og landamerki Skildinganess og Reykjavíkur.
4. Námarétturinn nái að þessum línum lóðrétt niður.

Reykja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

—vík hinn 20. sept. 1905

Virðingarfyllst

Björn Kristjánsson

Halldór Jónsson.

G. Björnsson

Til
Bæjarstjórnarinnar í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og stjórn hlutafjelagsins „Málmur“
á fundi í gær skýrði nefnd þeirri frá
sem bæjarstjórnin kaus útaf kærunni
yfir lögum nefnds fjelags, álítur hún
eigi að lögunum þessum verði breytt
hjeðan af á annan hátt en segir í lögunum
sjálfum. enda er stjórninni kunnugt um
að margir þeirra sem þegar hafa skrifað
sig fyrir hlutum eru mjög óánægðir
með lögin og mundu heimta fje
sitt aftur ef þeim yrði breytt án þess
þeir yrðu kallaðir til.
Hinsvegar bauðst stjórnin til þess að
láta prenta og festa við lögin útskrift-
ur bæjarstjórnar bók Reykjavíkur kaupstaðar
sem hefur inni að halda skilyrðin fyrir
forgangsrjetti að námuefni í landi
bæjarins sem jeg Sturla kaupm. Jónsson
og fjelagar mínir hafa fengið veittan
af bæjarstjórninni; til skýringar í lögunum
fyrir þá sem álíta þess þörf.
Að gefnu tilefni skal jeg fyrir hönd
stjórnarinnar lýsa því sjerstaklega yfir
að samkvæmt þessum skilyrðum álítur
stjórnin að allt hlutafjeð eigi að bjóða
út á þann hátt sem þar er tekið fram
einnig þegar það er aukið, þannig að
Reykvíkingar hafi forgöngurjett til að
skrifa sig fyrir hlutum í þrjá mánuði

Reykjavík 2 Nov. 1905

fyrir hönd stjórnar hlutafjelagsins
„Málmur“

Sturla Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér undirskrifaðir, sem ætlað höfum oss að kaupa hluti í námufélaginu "Málmur", leyfum oss að snúa oss til hinnar háttvirtu bæjarstjórnar í tilefni af auglýsingu stofnenda þess félags.

Oss er kunnugt um, að bæði námunefndin og bæjarstjórnin ætlaðist til að öllum bæjarbúum væri gefinn jafn réttur til að skrifa sig fyrir hlutum í félagi þessu og að njóta að tiltölu réttri þess arðs, sem af fyrirtækinu flyti. Það mun ekki hafa verið tilætlun bæjarstjórnarinnar að gefa neinum vissum mönnum tækifæri til að láta bæjarbúa bera kostnaðinn af rannsókn námanna, en sitja svo sjálfir að arðinum, ef nokkur yrði. En af auglýsingu þeirri, sem hefir birtst tvisvar í Þjóðólfi, er ekki annað hægt að sjá en að stofnendurnir ætlist til að láta bæjarbúa skjóta saman 100000 kr. mestmegnis til tilrauna, en að ráða sjálfir yfir auknu stofnfé, 150 þúsund krónum, ef fyrirtækið borgar sig. Þessi fyrirætlun virðist líka vera tryggð með því að hluthöfum er alls ekki gefinn kostur á að kjósa sér stjórn fyrir félagið næstu 3 árin, og má telja 4, því að eins 2 af 7 ganga síðasta árið úr stjórn. Þannig verður upphaflega stjórnin við völdin langt fram yfir þann tíma, sem fengin á að vera vissa um, hvort fyrirtækið borgi sig. Loks hefir þessi stjórn, sem kosið hefir sig til svo margra ára, ákveðið sjálfri sér laun án þess að hluthafar geti haft þar nokkurt atkvæði um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tilboð um hluttöku í félagi þessu er að eins birt í einu blaði, sem má telja alveg ófullnægjandi, þegar ætlast er til að allir bæjarmenn eigi kost á að taka þátt í fyrirtækinu.

Af því vér erum mjög óánægðir með, hvernig félag þetta fer af stað, og oss er kunnugt um að margir aðrir bæjarmenn telja það illa farið, ef félagið helzt uppi að haga fyrirkomulagi sínu á þennan hátt, þá treystum vér því, að hin háttvirta bæjarstjórn geri sitt ítrasta til að fá fyrirkomulagi og lögum félagsins breytt þannig, að bæjarmenn sjái sér fært að skrifa sig fyrir hlutum í fyrirtækinu, laganna vegna.

Reykjavík, 19. Oktbr. 1905.

Virðingarfyllst:

Magnús Blöndahl
Jóhann Jóhannesson
[illegible] Pálsson.
Jóhannes Kr. Zoëga Jónsson
Sveinn Jónsson
Oddur Guðmundsson
Haraldur Sigurðsson
Sigr. Bjarnason

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Works Telegrams:
Company's Telegrams:
"ODDY, 29, SHERIFF STREET,
ROCHDALE."

A. B. C. CODE.
5th Edition.

# The Oddy Artificial Flag Machine Co.

(HOME DEPARTMENT).

29, SHERIFF STREET,

ROCHDALE, 18th July, 190

Representatives and Offices in Paris, Brussells, Berlin, Vienna, New York, Chicago, Boston, Washington, Montreal, and all the Chief Trade Centres throughout the World.

Messrs. The Municipal Council of
Reykjavik,
ICELAND.

Dear Sirs/

GOLD AND COPPER MINES AT ESKILSLID.

We are interested in Gold and Copper mines on account of the combining of our Flag Making and Building Block process which utilizes the debris on a very remunerative basis from the Mines of this description. If we could be brought into contact with the Financiers of these Mines we shall be pleased to take an active part as Investors and underwriting, on condition that our processes are adopted (as they generally are ) to very great advantage to such Mines.

Hoping to be favoured with your early reply.

Yours faithfully,

p.p. THEODDY ARTIFICIAL FLAG MACHINE COMPANY.

Thos. Oddy

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9 Þó telst útboðsfrestur ofangreindra:
100.000 króna fyrir Reykjavík frá
1. desember 1905

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. skrifstofustjóri Jón Magnússon!

Í tilefni af málaleitan yðar viðvíkjandi vegarkantinum á Suðurgötu skulum vjer eigendur Tjarnarbrekkunnar taka fram, að vjer gefum bæjarstjórninni kost á, að fá snið á vegarkant götunnar með hallanum 2:3 endurgjaldslaust gegn því, að hin fyrirhugaða Suðurgata sje mjókkuð um 2 álnir.

Jafnframt þessu tökum vjer fram, að vjer þrátt fyrir þessa úrlausn að sjálfsögðu höldum óskertum rjetti þeim, & vjer álítum, að vjer höfum til endurgjalds fyrir lóðarspildu þá, & tekið var af í sumar að frádregnum þeim 2 álnum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er tekna gjöra af reginum samkvæmi framansögðu.

Virðingarfyllst

Reykjavík 2. okt. 1905.

Álfheiður Briem
Eggert Briem
Björn Ólafsson
eptir umboði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14/8

Í tilefni af brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 5. þ.m., leyfum vjer undirritaðir eigendur Tjarnar-brekkunnar að taka fram, að oss hefur fram að þessum tíma verið alveg ókunnugt um, að bæjarstjórnin hafi ákvarðað að breikka Suður-götu, og leiðir þaraf, að oss hefur ekki verið það ljóst, að samþykki það, er bæjarstjórnin hefur veitt til að breyta Tjarnarbrekkunni úr erfðafestulandi í byggingarlóð, nái ekki til þeirrar rennu, sem samkvæmt brjefi yðar er ákveðin til breikkunar Suðurgötu; þvert á móti höfum vjer ekki getað skilið samninga þá, er fram fóru síðastliðinn vetur milli bæjarstjórnarinnar og vor viðvíkjandi brekkunni og veg gjört þar fyrir framan, á annan veg en að brekkan öll að engu undanskildu hafi verið gjörð að byggingarlóð, og í trausti þess höfum vjer gjört samning um lóðum á brekkunni uppá fleiri þúsund krónur, þannig að vjer fengjum húsagrunna með ákveðinni breidd fyrir brekkunni. En hvort sem renna sú, er taka á undir Suður-götu, verður að álítast byggingarlóð eða erfðafestuland, þá er hún þó um okkar eign, og verðum vjer að ganga út frá að bæjarstjórnin semji við okkur um borgun fyrir landnám þetta áður en byrjað verður á breikkun götunnar.

Í nefndu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, skýrið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjer þá, að ákveðið sje að breikka Suður-götu austur á við um 4 álnir, en þarð lína sú, er ráðsdrekar bæjarstjórnarinnar hafa hólað af, að minnsta kosti að norðan verðu, mun ganga mikið meir en 4 álnir inn á lóð vora, vildum vjer óska að þessi 4 álna ~~breidd~~ breidda ræma verði hið fyrsta rjett útmæld, því að sá maður, er belið hefur að sjer lögum lækkunar kvartar mjög undan óvissu í þessu efni, og óskum vjer að fá að vita hvenær sú mæling á fram að fara.

Reykjavík 11. ágúst 1905.
Virðingarfyllst

Björn Ólafsson.
Eggert Briem
Ólafheiður Briem.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/3

Reykjavík 1. Marz 1904.

Um leið og vér sendum hinni háttvirtu bæjar-
/. stjórn Reykjavíkur reikning Aldamótagarðsins síðastliðið
ár, viljum vér með fáum orðum skýra frá því helzta sem
unnið hefir verið í garðinum á árinu.

Ræktaður blettur ofan við Helga-tún, sem látinn
var í staðinn fyrir neðurhluta túnsins. Hlaðinn grjót-
garður þvert yfir túnið, sem myndar suðurtakmörk þess,
meðfram áframhaldi Laufásvegar.

Síðastliðið ár veitti bæjarstjórnin 500 kr. til vinnu
þurfamanna í garðinum, og hefir bæjarsjóður greitt
af því fé kr. 431,07, en þessi upphæð er ekki tilfærð
á reikningnum. Þessi vinna hefir gengið til þess
að stinga upp og grafa skurði, safna grjóti og hlaða grjót-
garð fyrir vesturhluta af norðurhlið garðsins, meðfram áfram-
haldi Laufásvegar. Nokkrir af mönnunum vinna
að áframhaldi garðsins þessa dagana og væntum vér
að þeim verði greitt kaupið, þangað til 500 kr. fjár-
veitingin er unnin upp, þótt nú sé komið fram
yfir nýjár. — Hér eru taldir þeir menn sem unnið
hafa fyrir fé það sem greitt hefir verið úr bæjarsjóði
og er fjárupphæð sú, sem þeir hafa unnið fyrir til-
færð við nafn hvers um sig:

| | |
|---|---|
| Friðsteinn Jónsson . . . . . | kr. 6,75 |
| Vigfús Vigfússon (Málfríðar Jóhannsdóttir) | " 30,23 |
| Flyt | kr. 36,98 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Flutt kr. | 36.98 |
| Þórður Brynjólfsson (Brynjólfur Eiríksson) | — 1,90 |
| Brynjólfur Eiríksson | — 11,70 |
| Gísli Kristjánsson | — 64,06 |
| Þorkell Sigurðsson | — 66,16 |
| Jón Óli Þorkelsson (Þorkell Sigurðsson) | — 18,06 |
| Marteinn Finnbogason | — 60,48 |
| Sigurður Guðmundsson | — 13,50 |
| Magnús Sigurðsson | — 28,30 |
| Jón Hjörleifsson (Gróa Guðmundsdóttir) | — 26,01 |
| Jóhannes Sigurðsson | — 68,82 |
| Oddfreður Oddsson | — 26,30 |
| Ólafur Sveinsson | — 8,80 |
| Samtals kr. | 431,07 |

Óhætt mun að fullyrða, að jafnframt og þörf var á þessari vinnu til að flýta fyrir því að koma landinu í rækt, hafi hún verið góður styrkur þeim mönnum, sem vinnunnar nutu, því þeir unnu í garðinum að eins þegar þeir höfðu ekki vinnu annarstaðar, svo að vísast er hér um sára lítil bein útgjöld úr bæjarsjóði að ræða.

Vér treystum því að hin háttvirta fátækranefnd bæjarins láti áfram vinnu þurfamanna ganga til garðsins á þessu ári, eftir því sem kringumstæður leyfa. Með því lagi verður þess skamt að bíða að garðurinn fari að komast í lag og gefa nokkrar afurðir, sem gengi þá til aukinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vinnu fyrir fátæka bæjarbúa. Verkefni er nóg fyrir hendi við að ryðja landið og halda áfram grjótgarðinum.

Tryggvi Gunnarsson  Björn Bjarnarson.  Einar Helgason

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jafnaðarreikningur
Aldamótagarðsins 1903.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tekjur.

| | | |
|---|---|---|
| Í sjóði frá fyrra ári . . . . . | kr. | 142,69 |
| Fyrir sumarleigu - - - - - - - - - | " | 45,00 |
| Vinnustyrkur frá Jarðræktarfélagi Rvk. | " | 5,00 |
| Skuld við Einar Helgason | " | 22,74 |
| | kr. | 215,43 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjöld.

| | | |
|---|---|---|
| Til Jóns Jörundssonar og Kristins Guðmundss. fyrir grjótgarðshleðslu . . . . | kr. | 185.00 |
| — Guðmundar Amundasonar fyrir áburð | – | 4.80 |
| Hafrar, bygg og grasfræ til sáningar . . . . | – | 10.00 |
| Vinna við sáningu og jöfnun . . . . | – | 2.35 |
| Útbúnaður og aðgjörð á hliði . . . . . . . . | – | 3.37 |
| Klofið grjót . . . . . . . . . . | – | 8.91 |
| Tillag til Jarðræktarfélagsins 1903 . . . . | – | 1.00 |
| | kr. | 215.43 |

Reykjavík 31. desember 1903
Einar Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur